

3. fundur Starfhóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstaðs, haldinn í Fristundamiðstöðinni Garðavelli, 18. ágúst 2021 og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Einar Brandsson bæjarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson fulltrúi Akraneskaupstaðar, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Emma Raketel Björnsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Fundur starfshóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað.

Fyrir tekið:

1. 2106089 - Fjöliðjan uppbygging á húsnæði - starfshópur

Starfshóp um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað, verkefnastaða.

Fundinn sátu einnig Sverrir Hermann Sverrir Hermann Pálmarrsson frá SHP consulting ehf., Ella María Gunnarsdóttir skrifstofu bæjarstjóra verkefnastofu og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhalda og umsjónarmaður fasteigna.

Farið var yfir stöðu uppbyggingar á Fjöliðjunni. Hönnunarvinna arkitekta stendur yfir. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar út frá ábendingum starfsmanna er varðar starfsemina og þau verkefni sem unnin eru á staðnum.

Arkitektar hafa einnig til hliðsjónar við hönnun hússins Úttektarlykil Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra varðandi aðgengi.

Sverrir lagði fram lista yfir þau atriði sem farið hefur verið yfir með starfsfólki varðandi hönnun hússins. Umræður um tilfærslur á rýmum og mikilvægi þess að hafa gott aðgengi. Nokkur atriði eru enn í skoðun s.s. breidd á göngum hússins og eldhús. Einnig voru lagðar fram teikningar af húsnæðinu eins og þær lita út í dag. Rætt um útisvæði og hönnun lóðar.

Starfshópur óskar eftir á fyrsta fundi sínum í júní sl. frest til bæjarráðs til 2. september 2021 til að leggja fram tillögu á endanlegri útfærslu á uppbyggingu Fjöliðjunnar með samnýtingu á eldra húsnæðið á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfiráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Bæjarráð veitti umbeðinn frest.

Í ljósi þess að enn er nokkuð í land þar til hægt verður að leggja fram tillögu á endanlegri útfærslu á uppbyggingu Fjöliðjunnar óskar starfshópurinn eftir fresti til 30. október nk. til að leggja þær tillögur fram.

Næsti fundur starfshóps 25. ágúst kl. 13:00.

Ella María og Alfreð viku af fundi 15:35.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.